

Aðalfundur KVH haldinn í Félagsheimili Hvammstanga. Þriðjudaginn 25. mars 2014 kl.20:30.  
Formaður stjórnar Gunnar Þórarinnsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til starfa.  
Áður en gengið var til dagskrár minntist formaður þeirra félagsmanna sem látist höfðu frá því síðasti aðalfundur var haldinn, en þeir eru:

Guðmundur Björnsson	Gilsbakka 7, Laugarbakka.
Ilse Björnsson	Gilsbakka 7, Laugarbakka.
Hermann Stefánsson	Teigagrund 5, Laugarbakka.
Jón G. Sigurðsson	Nestúni 2, Hvammstanga.
Ólafur Þór Árnason	Þóreyjarnúpi
Aukafélagar:	
Ólafur Þórhallsson	frá Ánastöðum
Guðrún Jónsdóttir	frá Bjarghúsum
Haukur Sigurjónsson	frá Hvammstanga
Sigurður H. Þorsteinsson	frá Hvammstanga

Fundarmenn minntust hinna látnu með því að rísa úr sætum.  
Formaður gerði tillögu um Rafn Benediktsson sem fundarstjóra og var það samþykkt.  
Fundarritarar voru ráðnir Guðmundur H. Sigurðsson og Ólafur B. Óskarsson.

Lögð var fram svohljóðandi dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Kosinn fundarstjóri
3. Kosnir tveir fundarritarar
4. Lesnar fundagerðir úr deildum.
5. Skýrsla stjórnar
6. Skýrsla kaupfélagsstjóra, reikningar félagsins.
7. Skýrsla skoðunarmanna.
8. Umræður
9. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps.
10. Ákvörðun um laun stjórnar og skoðunarmanna.
11. Kosningar
  - a) Kosnir tveir menn í stjórn til þriggja ára, kjörtímabili sínu hafa lokið Þorsteinn Sigurjónsson og Ársæll Daníelsson.
  - b) Kosnir þrír varamenn í stjórn til eins árs, kjörtímabili sínu hafa lokið Sigurður Björnsson, Ólafur Benediktsson og Jón Óskar Pétursson.
  - c) Kosinn skoðunarmaður til tveggja ára kjörtímabili sínu hefur lokið Stefán Böðvarsson.
  - d) Kosinn varaskoðunarmaður til tveggja ára, kjörtímabili sínu hefur lokið Karl Sigurgeirsson.
  - e) Kosinn einn löggiltur endurskoðandi til eins árs.
  - f) Kosinn einn maður til að mæta á fundum S.Í.S.
  - g) Kosinn einn varamaður á sömu fundi.
12. Önnur mál.

Eftirtaldir voru mættir á fundinn:

**Staðarhreppsdeild:**

Guðmundur Kristjánsson	deildarstjóri (varamaður)
Árni Jón Eyþórsson	fulltrúi

**Fremri – Torfustaðahreppsdeild:**

Kristófer Jóhannesson	deildarstjóri
Ingimar Guðmundsson	fulltrúi

**Ytri – Torfustaðahreppsdeild:**

Rafn Benediktsson	deildarstjóri
Helgi Pálsson	fulltrúi
Pétur Sigurvaldason	fulltrúi

**Hvammstangahreppsdeild:**

Ársæll Daníelsson	deildarstjóri
Tryggvi Ólafsson	fulltrúi
Oddur Sigurðarson	fulltrúi
Ragnar Gunnlaugsson	fulltrúi
Agnar Jónsson	fulltrúi
Sigurður Björnsson	fulltrúi

**Þorkelshólshreppsdeild:**

Sigtryggur Sigurvaldason	deildarstjóri
Ólafur Benediktsson	fulltrúi
Örn Óli Andrésson	fulltrúi

**Stjórnarmenn KVH sem ekki eru jafnframt fulltrúar:**

Gunnar Þórarinsson  
Þorsteinn Sigurjónsson

**Skoðunarmaður reikninga:**

Helgi Björnsson

**Kaupfélagsstjóri**

Reimar Marteinson

Afgreiddir höfðu verið þrjár fyrstu liðir dagskrár.

**4. Lesnar fundagerður úr deildum.**

Deildarstjórar lásu fundagerðirnar.

**5. Skýrsla stjórnar.**

Gunnar Þórarinsson flutti skýrslu stjórnar. Fram kom m.a.

Rekstrarfjárstaða kaupfélagsins nokkuð góð. Haldnir voru 6 stjórnarfundir á starfsárinu.

Úthlutað var úr Menningarsjóði KVH kr. 150.000 til USVH og 50.000 til Björgunarsveitarinnar Húna. Ræddi breytingar á búvörudeild og fyrirhugaðar innréttingu á veitingahúsi til útleigu.

Ræddi einnig um rekstur frystihólfa, myndina Bændur og Býli og rekstur sláturhúss. Að lokum þakkaði Gunnar kaupfélagsstjóra og öðru starfsfólki góð störf.

## 6. Skýrsla kaupfélagsstjóra.

Reimar Marteinnsson fór yfir og skýrði ársreikninga félagsins.

Rekstrartekjur voru	Kr. 726.242.982
Rekstrargjöld	Kr. 717.565.553
Rekstrarhagnaður	Kr. 8.677.429
Fjármagnstekjur	Kr. 4.217.565
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага	Kr. 16.648.662
Tekjuskattur	Kr. (2.582.879)
Hagnaður ársins	Kr. 26.960.777
Óráðstafað eigið fé	Kr. 420.085.578

Kaupfélagsstjóri þakkaði að lokum stjórn og starfsfólki góð störf.

## 7. Skýrsla skoðunarmanna.

Helgi Björnsson flutti skýrslu skoðunarmanna og töldu þeir reikninga og rekstur í góðu lagi.

## 8. Umræður.

Helgi Björnsson tók til máls og ræddi mikilvægi þess að eiga góða verslun eins og KVH, bæði hvað varðar vöruúrval og þjónustu.

Oddur Sigurðarson ræddi góðan rekstur KVH og spurði út í veltuhraða á vörum í hverri deild

Reimar Marteinnsson svaraði Oddi varðandi veltuhraðan, hann væri minnstur í byggingavörudeild en svipaður í kjörbúð og pakkhúsi.

Helgi Pálsson ræddi m.a. rekstur frystigeymslu sem hann taldi að mætti ekki leggjast af.

Reikningar síðan bornir upp og samþykktir samhljóða.

Þá var gert kaffihlé og notið góðra veitinga um stund samhliða léttu spjalli.

## 9. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.

Sþykkt samhljóða að hagnaður komi til hækkunar á óráðstöfuðu eiginfé félagsins.

## 10. Ákvörðun um laun stjórnar og skoðunarmanna.

Eftirfarandi tillaga borin upp og samþykkt samhljóða.

Laun stjórnar á mán.	28.000 kr
Laun stjórnarformanns	56.000 kr
Varamaður á hvern fund	15.600 kr
Skoðunarmenn á klst.	1.870 kr
Fulltrúar á aðalfundi	6.700 kr

Að auki fá ofangreindir greiddan akstur skv. taxa.

## 11. Kosningar.

### a) Kosnir tveir menn í stjórn til þriggja ára.

Kosningu hlutu Ársæll Daníelsson með 13 atkvæðum og Þorsteinn Sigurjónsson með 11 atkvæðum.

### b) Kosnir þrjú varamenn í stjórn.

Kosningu hlutu:	1. varamaður Sigurður Björnsson	11 atkv.
	2. varamaður Ólafur Benediktsson	12 atkv.
	3. varamaður Oddur Sigurðarson	3 atkv.

### c) Kosinn skoðunarmaður til tveggja ára.

Kosinn var Stefán Böðvarsson skv. uppástungu.

### d) Kosinn varaskoðunarmaður til tveggja ára.

Kjörinn var Karl Sigurgeirsson skv. uppástungu.

### e) Kosinn löggiltur endurskoðandi til eins árs.

Kjörinn Vignir Rafn Gíslason. PWC.

### f) Kosinn einn maður til að mæta á fundum S.Í.S.

Kjörinn Reimar Marteinson.

### g) Kosinn einn varamaður á fundum S.Í.S.

Kjörinn Gunnar Þórarinsson með 11 atkv.

## 12. Önnur mál.

Þorsteinn Sigurjónsson ræddi ýmsa hluti í rekstri KVH m.a. fyrirhugaðan veitingastað. Einnig ræddi hann um Jarðastjóð V – Hún, en hann situr í stjórn hans fyrir hönd KVH, reifaði hvort hægt væri að koma eigum hans í vinnu.

Ársæll Daníelsson ræddi um að nú færi að hylla undir að myndinni Bændur og býli yrði lokið.

Helgi Björnsson ræddi samvinnuhugsjónina, hagfræði og væntanlegt veitingahús við Pakkhústorgið. Þótti slæmt að reka frystihólfinn með tapi.

Oddur Sigurðarson spurði um hvað hækka þyrfti leigu á frystihólfum til að þau bæru sig.

Reimar Marteinson sagði að það þyrfti að hækka leigu á frystihólfum og aðra þjónustu um 30% til að sá rekstur stæði undir sér.

Rafn Benediktsson kynnti eftirfarandi tillögu um breytingar á samþykktum.

Bætt verði við 3. grein.

Starfssvæði félagsins nær yfir allt sveitafélagið Húnabing vestra.

Ólafur Benediktsson vakti athygli á að skv. verðkönnunum hefði vöruverð lækkað í KVH á síðasta ári. Ræddi nauðsyn á veitingastað á Hvammstanga, gott vöruúrval í KVH og fleira.

Tillaga um breytingu á samþykktum borin upp og samþykkt samhljóða með atkvæðum allra fulltrúa.

Reimar Marteinnsson gerði grein fyrir að lækkun á vöruverði hafi m.a. náðst með lækkun á verði frá byrgjum. Ræddi einnig mikla aukningu á þjónustu við ferðamenn.

Rafn Benediktsson ræddi mikilvægi þess að hafa tryggja viðskiptavini og góða verslun. Samkomulag um leigu á væntanlegum veitingastað, er ekki enn í höfn. Ræddi einnig frystihólf, jarðasjóð o.fl.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 24:00  
Fundagerð samþykkt samhljóða.

Undirritað:

*Guðmundur Haukur Sigurðsson*

*Ólafur B. Óskarsson*

*Rafn Benediktsson*